

Ugla sat á kvisti

Ugla sat á kvisti - hún á að vísu engin börn en passar fullkomlega inn í staðalímyndir um uglu. Hún les mikið og er fród um marga hluti en á erfitt um mál. Það er sagt að það sé eitthvað að henni í hálsinum sem geri það að verkum að hún tali ekki mikið en málið er að hún vill síður tala nema hafa eitthvað gáfulegt að segja og að á hana sé hlustað.

UGLAN ER UM 15 CM Á HÆÐ



Það sem þarf er:

Garn: Afgangar af Mandarin Classic og Mandarin Petit.

Heklu nál:
3 mm

Tróð

Búkur

Heklið fram og til baka. Heklið 21 LL.

1. umf.: Heklið 1 FL í aðra L frá nál. Heklið 1 FL í hverja L út umf. Endið þessa umf. og allar umf. hér eftir á 1 LL og snúið við.
- 2.–64. umf.: Heklið 1 FL í hverja L út umf. Endið hverja umf. á 1 LL og snúið við. Slítið frá og gangið frá lausum endum.

Auga

Heklið í hring. Heklið 2 LL.

1. umf.: Heklið 6 FL í aðra L frá nál. Tengið saman hringinn með KL og heklið 1 LL.
2. umf.: Heklið 2 FL í hverja L út umf., alls 12 FL. Tengið saman í fyrstu L með KL og heklið 1 LL.
3. umf.: *Heklið 2 FL í fyrstu L og 1 FL í næstu L.* Endurtakið frá * til * út umf., alls 18 FL. Slítið frá og gangið frá lausum endum. Heklið hitt augað eins. Saumið augasteina í augun.

Vængir

Heklið í hring, skiptið um lit í þriðju hverri umf. Heklið 2 LL.

1. umf.: Heklið 6 FL í aðra L frá nál. Ljúkið þessari umf. og öllum umf. hér eftir með því að tengja saman hringinn með KL í fyrstu L og hekla 1 LL.
2. umf.: Heklið 2 FL í hverja L, alls 12 FL. Munið að tengja saman í fyrstu L með KL og heklið 1 LL.
3. umf.: *Heklið 2 FL í fyrstu L og 1 FL í næstu L.* Endurtakið frá * til * út umf., alls 18 FL.
4. umf.: *Heklið 2 FL í fyrstu L og 1 FL í næstu 2 L.* Endurtakið frá * til * út umf., alls 24 FL.
5. umf.: *Heklið 2 FL í fyrstu L og 1 FL í næstu 3 L.* Endurtakið frá * til * út umf., alls 30 FL.
6. umf.: *Heklið 2 FL í fyrstu L og 1 FL í næstu 4 L.* Endurtakið frá * til * út umf., alls 36 FL.



Slítið frá og gangið frá lausum endum. Heklið hinn vænginn eins.

Uglurass

Heklið í hring. Heklið 2 LL.

1. umf.: Heklið 6 FL í aðra L frá nál. Ljúkið þessari umf. og öllum umf. hér eftir með því að tengja saman hringinn með KL í fyrstu L og hekla 1 LL.
2. umf.: Heklið 2 FL í hverja L, alls 12 FL. Munið að tengja saman í fyrstu L með KL og heklið 1 LL.
3. umf.: *Heklið 2 FL í fyrstu L og 1 FL í næstu L.* Endurtakið frá * til * út umf., alls 18 FL.
4. umf.: *Heklið 2 FL í fyrstu L og 1 FL í næstu 2 L.* Endurtakið frá * til * út umf., alls 24 FL.
- 5.–8. umf.: Haldið áfram að auka út í um 6 FL í hverri umf. með þessum hætti þar til FL eru 48. Slítið frá og gangið frá lausum endum. Saumið alla hlutana saman og saumið gogginn í. Fyllið með tróði áður en saumað er fyrir búkinn að fullu.